DV

# Miðvikudagur 6. september

## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Sumarglugginn.** Endursýndur þáttur frá sl. sunnudegi.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Poppkorn.** Umsjón Stefán Hilmarsson.
19.25 **Baröi Hamar.** (Sledgehammer). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Grænir fingur (20). Lokaþáttur – Haustlaukar.** Þáttur um garðrækt í umsjón Hafsteins Hafliðasonar.
20.55 **Broddi broddgöltur.** (Priddy the Hedgehog). Bresk fræðslumynd um broddgölt. Fylgst er með dýrinu í tíu mánuði, lifnaðarháttum þess og hvernig því tekst að sleppa frá öllum þeim hættum sem felast í umhverfi þess. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
21.45 **Ekkert heilagt.** (Nothing Sacred). Bandarísk gamanmynd frá 1937. Leikstjóri William Wellman. Aðalhlutverk Carole Lombard, Fredric March og Charles Winninger. Blaðamaður gerir unga stúlku, sem er með sjaldgæfan sjúkdóm, að þjóðhetju. Hann lendir í hinu mesta basli með þessa frétt sína því stúlkan reyndist ekki eins sjúk og fyrst var talið. Þýðandi Páll Heiðar Jónsson.
23.00 **Ellefufréttir.**
23.10 **Ísland–Austur-Þýskaland.** Sýnt verður úr landsleik í knattspyrnu sem fram fór á Laugardalsvelli fyrr um daginn.
00.10 **Dagskrárlok.**

## STÖÐ-2

16.45. **Santa Barbara.**
17.30 **Heimur konunnar,** Woman's World. Gamansöm mynd frá sjötta áratugnum sem greinir frá framkvæmdastjóra stórfyrirtækis sem boðar þrjá af starfsmönnum sínum á sinn fund. Tilefnið er að veita einum þeirra stöðuhækkun. Aðalhlutverk: Clifton Webb, Laureen Bacall, Van Heflin og June Allyson.
19.00 **Myndrokk.**
19.19 **19:19.** Fréttir, veður, íþróttir, menning og listir, fréttaskýringar og umfjöllun.
20.00 **Sögur úr Andabæ,** Ducktales. Tilvalin teiknimynd fyrir alla fjölskylduna.
20.30 **Falcon Crest.** Bandarískur framhaldsmyndaflokkur.
21.25 **Bjargvætturinn,** Equalizer. Vinsæll bandarískur spennumyndaflokkur. Aðalhlutverk Edward Woodward.
22.15 **Tíska,** Videofashion. Það haustar í tískuheiminum eins og annars staðar.
22.40 **Sögur að handan,** Tales from the Darkside. Hryllingur og spenna.
23.05 **Fingur,** Fingers. Ungur maður á í miklu sálarstríði vegna ósamræmis er gætti í uppeldi hans. Móðirin er konsertpíanisti en faðirinn glæpamaður. Með þetta veganesti heldur hann út í lífið og óhjákvæmilega kemur til uppgjörs. Aðalhlutverk: Harvey Keitel, Tisa Farrow og Jim Brown.
0.35 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Arnfríður Guðmundsdóttir flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Ingveldi Ólafsdóttur. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Fréttir á ensku að loknu fréttayfirliti kl. 7.30. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (7). (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Norðurlandi. Umsjón: Kristján Guðmundur Arngrímsson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Geir Kristjánsson og tilvistarstefnan.** Fjallað um smásagnabók Geirs, Stofnunina. Umsjón: Oddný Jónsdóttir. Lesari: Snæbjörg Sigurgeirsdóttir.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn** – Norðlensk byggðaþróun. Umsjón: Ásdís Loftsdóttir. (Frá Akureyri.)
13.35 **Miðdegissagan:** Ein á ferð og með öðrum eftir Mörthu Gellhorn. Anna María Þórisdóttir þýddi. Sigrún Björnsdóttir les (11).
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Harmóníkuþáttur.** Umsjón: Sigurður Alfonsson (Endurtekinn þáttur frá sunnudagskvöldi.)
14.45 **Íslenskir einsöngvarar og kórar.** Guðrún Á. Símonar, Jón Sigurbjörnsson og Karlakórinn Geysir syngja íslensk lög. (Af hljómböndum.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Bardagar á Íslandi** – Og urðu þá manndrápin. Fjórði þáttur af fimm um ófrið á Sturlungaöld: Haugsnesfundur. Umsjón: Jón Gauti Jónsson. Lesarar með honum: Erna Indriðadóttir og Haukur Þorsteinsson. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Litið til allra átta. Barnaútvarpið stendur á öndinni uppi í Hallgrímskirkjuturni. Umsjón: Sigurlaug Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Haydn og Mozart.
18.00 **Fréttir.** .
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Ragnheiður Gyða Jónsdóttir og Þorgeir Ólafsson.
20.00 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (7). (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Frá norrænum tónlistardögum í Stokkhólmi í fyrrahaust.** Jónas Tómasson kynnir verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson og Johns Persen.
21.00 **Úr byggðum vestra.** Umsjón: Finnbogi Hermannsson. (Frá Ísafirði.)
21.40 **Barnið á tröppunum,** smásaga eftir Anton Tsjekov. Þórdís Arnljótsdóttir les.
22.00 **Fréttir.** .
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Hvert stefnir íslenska velferðarríkið?** Annar þáttur af fimm um lífskjör á Íslandi. Umsjón: Einar Kristjánsson. (Einnig útvarpað kl. 15.03 á föstudag.)
23.10 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. .(Einnig útvarpað í næturútvarpi aðfaranótt mánudags kl. 2.05.)
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið:** Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Óskar Páll Sveinsson. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Margréti Blöndal.
14.05 **Milli mála.** Magnús Einarsson á útkíkki og leikur nýju lögin.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson, Lísa Pálsdóttir og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Íþróttarásin** – Ísland – Austur-Þýskaland. Íþróttafréttamenn lýsa leik liðanna í undankeppni Heimsmeistaramótsins í knattspyrnu á Laugardalsvelli.
20.00 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum tónlistarmönnum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Sigrún Sigurðardóttir og Oddný Ævarsdóttir.
22.07 **Á rólinu** með Önnu Björk Birgisdóttur.
01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

01.00 **Blítt og létt . . .** Ólafur Þórðarson. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Slægur fer gaur með gígju.** Magnús Þór Jónsson rekur feril trúbadúrsins rómaða, Bobs Dylans. Fyrsti þáttur af sex. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi á rás 2.)
03.00 **Næturnótur.**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi miðvikudagsins.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá rás 1 kl. 18.10.)
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Blítt og létt . . .** Endurtekinn sjómannaþáttur Ólafs Þórðarsonar á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00.

## Bylgjan FM 98,9

7.00 **Páll Þorsteinsson.** Alls kyns upplýsingar fyrir hlustendur sem vilja fylgjast með, fréttir og veður á sínum stað. **Fréttir fyrir þá sem vilja vita hvað er að gerast.**
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Sérstaklega vel valin og þægileg tónlist sem heldur öllum í góðu skapi.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Leitaðu ekki langt yfir skammt. Allt á sínum stað, tónlist og afmæliskveðjur.
17.00 **Hallgrímur Thorsteinsson – Reykjavík síðdegis.** Finnst þér að eitthvað mætti fara betur í þjóðfélaginu í dag? Þín skoðun kemst til skila. Síminn er **61-11-11.**
19.00 **Snjólfur Teitsson.** Afslappandi tónlist í klukkustund.
20.00 **Haraldur Gíslason.** Halli er með óskalögin í pokahorninu og ávallt í sambandi við **íþróttadeildina** þegar við á.
24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson,** Fréttir og alls kyns upplýsingar, sem þú vilt vita, heyrirðu hjá **Togga. Fræknir fréttamenn kl. 8 og 10. Stjörnuskot kl. 9 og 10.**
9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Hér er maður á ferðinni sem sefur brosandi, og er alltaf í stuði. Hádegisverðarpotturinn, Bibba, óskalög og afmæliskveðjur. **Fréttir kl. 12 og 14. Stjörnuskot kl. 11 og 13.**
14.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Þú getur treyst á það að heyra flest nýjustu lögin hjá **Möggu** á daginn. Stjörnuskáldið valið um 16:30. Þú getur Talað út eftir sex-fréttir um hvað sem er í 30 sekúndur. Síminn er **681900.Fréttir allan daginn. Stjörnuskot kl. 15 og 17.**
19.00 **Kristófer Helgason.** Ertu í stuði, viltu senda kveðju eða óskalag? Hafðu samband við **Kristó** í síma **681900.** Hann er alltaf í stuði á kvöldin.
24.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **Ókynnt tónlist.**
16.00 **FÁ.**
18.00 **MS.**
20.00 **MR.**
22.00 **FB.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## X-ið FM 97,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Steinunn Halldórsdóttir.**
22.00 **Snorri Már Skúlason.**
1.00– 7 **Tómas Hilmar.**

## RÓT ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
12.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur. E.
14.30 **Laust.**
15.30 **Samtök græningja.** E.
16.00 **Fréttir frá Sovétríkjunum.** María Þorsteinsdóttir.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Arnar Knútsson** leikur tónlist.
18.00 **Elds er þörf.** Umsjón: Vinstrisósíalistar. Um allt milli himins og jarðar og það sem efst er á baugi hverju sinni.
19.00 **Hlustið.** Tónlistarþáttur í umsjá Kristins Pálssonar.
20.00 **Skeggrótin.** Unglingaþáttur. Umsjón: Júlíus Schopka.
21.30 **Magnamin.** Tónlistarþáttur með Ágústi Magnússyni. Gústi spilar nýju lögin í bland við gömlu, lítur á vinsældalista og fer í getraunaleik með hlustendum.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Rokkað eftir miðnætti** með Hans Konráð Kristinssyni.

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **Young Doctors** Sápuópera.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
17.00 **The New Price is Right.**
17.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.00 **Hey Dad.** Fræðslumyndaflokkur.
18.30 **Mr. Belvedere.** Gamanþáttur.
19.00 **Rich, Man, Poor Man,** Framhaldsería.
21.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.00 **Fréttir.**
22.30 **The Untouchables.** Spennumyndaflokkur.
23.30 **Popptónlist.**

## SKY MOVIES

13.00 **Avalanche Express.**
14.30 **Peter and the Wolf and Other Tales.**
16.00 **The Young Lions.**
19.00 **Dirty Dancing.**
21.00 **Grandview USA.**
22.45 **The Last Hard Men.**
00.30 **The Hitchhiker.**
01.00 **Reform School Girls.**
03.00 **Dirty Dancing.**

## EUROSPORT

9.00 **Blak** Evrópumeistaramót kvenna í Hamborg.
10.00 **Kappakstur.** Keppni frá München í Vestur-Þýskalandi.
11.00 **Golf.** The Swiss Open.
12.00 **Snóker.** Opna Asíumótið.
14.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðburði liðinnar viku.
15.00 **Frjálsar íþróttir.** Lokastigamótið í Monte Carlo.
16.00 **Blak.**
**Evrópumeistaramót kvenna í Hamborg.**
17.00 **Trans World Sport.** Kappakstur.
18.00 **Polo.** Heimsmeistarakeppnin, haldin í Berlín.
19.00 **Golf.** Valdir kaflar frá Evrópukeppni kvenna.
19.30 **Róður.** Alþjóðleg keppni.
20.00 **Hurling.** Úrslitakeppni á Írlandi.
21.00 **Knattspyrna.** Undankeppni heimsmeistarakeppninnar.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Poppþáttur.**
14.30 **Hotline.**
16.30 **Transmission.** Popp í Englandi.
17.30 **The Lloyd Bridges Show.**
18.00 **Tarzan's Revenge.** Kvikmynd.
19.30 **Eternally Yours.** Kvikmynd.
19.50 **Fréttir og veður.**
20.00 **Burke's Law.** Spennumyndaflokkur.
20.55 **Barnaby Jones.**
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**

**Umsjónarmenn Vettvangs, Bjarni Sigtryggsson og Páll Heiðar Jónsson.**

### Rás 1 kl. 18.10:

## Fyrirkomulag landbúnaðarmála

Í þættinum á Vettvangi, sem er á dagskrá Rásar 1 alla virka daga á sama tíma, er leitast við að fá tvo sérfróða menn til að skiptast á skoðunum um ýmis álitamál. Einkum þau sem snerta atvinnu- og efnahagslífið.

Í þættinum að þessu sinni munu hagfræðingarnir Gunnlaugur Júlíusson hjá Stéttarsambandi bænda og Sigurður Snævarr hjá Þjóðhagsstofnun fjalla um nýútkomna skýrslu um fyrirkomulag landbúnaðarmálanna á Norðurlöndum og víðar. Munu þeir ræða hverjir séu helstu gallar á því kerfi, bæði þar og í löndum Evrópubandalagsins.

Umsjónarmenn Vettvangs eru þeir Bjarni Sigtryggsson og Páll Heiðar Jónsson.

**-gh**

### Rás 2 kl. 18.03:

## Lýsing á landsleik

Vonir Íslendinga um að komast í úrslitakeppni heimsmeistaramótsins í knattspyrnu á Ítalíu dofnuðu verulega þegar landslið okkar beið lægri hlut fyrir Austurríkismönnum í Salzburg fyrir stuttu. Ekki tókst þá að tefla fram öllum reyndustu leikmönnum okkar þar sem Ásgeir Sigurvinsson og Arnór Guðjohnsen áttu ekki heimangengt frá liðum sínum, auk þess sem fyrirliðinn, Atli Eðvaldsson, var meiddur.

Í leiknum gegn Austur-Þjóðverjum á Laugardalsvelli, sem lýst verður að þessu sinni, stendur þetta allt til bóta því bæði Ásgeir og Arnór mæta til leiks. Skipst hafa á skin og skúrir í leikjum okkar við Austur-Þjóðverja í gegnum tíðina. Mörgum er sjálfsagt enn í fersku minni sigurleikurinn 1975 þar sem Jóhannes Eðvaldsson og Ásgeir Sigurvinsson skoruðu báðir mörk fyrir Ísland.

Á hinn bóginn var ekki hátt risið á leikmönnum Íslendinga á Laugardalsvelli 1986 eftir að þeir höfðu hirt boltann sex sinnum úr eigin marki. Ástæða er hins vegar til bjartsýni nú því lið Austur-Þjóðverja er í neðsta sæti riðilsins. Er liðið í mikilli lægð um þessar mundir og hefur tvívegis verið skipt um þjálfara á skömmum tíma.

Það er Arnar Björnsson sem lýsir leiknum á rás 2.



**Söguhetjan í þessari mynd er sérstaklega orkumikill broddgöltur.**

### Sjónvarp kl. 20.55:

## Broddi broddgöltur

Þessi klukkustundar langa fræðslumynd segir frá lífi broddgaltar á 10 mánaða tímabili. Broddi lendir í ýmsum ævintýrum og margar hættur verða á vegi hans.

Broddgeltir eru taldir bæði skynsamar og ævintýragjarnar skepnur. Þeir geta ferðast langar vegalengdir á nóttunni og klifra þeir gjarnan yfir háa veggi og girðingar en broddarnir á bakinu forða þeim frá slysi ef þeir detta.

Söguhetjan í þessari mynd er sérstaklega orkumikill broddgöltur sem er óvenjulegur að því leyti að í stað þess að setja undir sig höfuðið og fela sig undir broddunum þegar menn nálgast hleypur hann á harðaspretti í burtu.

Framleiðendur myndarinnar eru feðgarnir John og Simon King.

**-gh**